

## Upplýsingar um samráð vegna vinnu þverpólíttískrar nefndar um stofnun Hálendisþjóðgarðs

Verkefni það sem umsagnir hér bårust um var hluti af heildarverkefninu: *Hálendisþjóðgarður-Tillögur og áherslur þverpólíttískrar nefndar*. Þetta verkefni sem var nr. 3, auk hinna nr. 1-2 og 4-8, hafa verið birt jafnóðum í Samráðsgátt stjórnvalda eða í fjórum hlutum á starfstíma nefndarinnar. Alls bårust vegna allra þessara verkefna 122 umsagnir í Samráðsgáttina frá því að fyrstu verkefningin voru sett þar inn í nóvember 2018.

Verklag nefndarinnar var á þann veg að horft var til umsagna jafnóðum og heildarverkefnið hefur verið unnið. Nokkuð var um að efni umsagna við verkefni 1-8 næði til verkefnisins í heild, sneri almennt að þjóðgörðum eða öðrum verkþáttum sem átti eftir að vinna á þeim tíma sem umsagnir bårust. Við vinnu nefndarinnar var því unnt að horfa til þessara umsagna og bregðast jafnóðum við áhersluatriðum sem fram komu í ferlinu.

Í lokaskýrslu nefndar (Viðauka I) hefur verið unnin samantekt allra umsagna út frá efnisatriðum þeirra. Skýrsluna má finna á:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b3fa873b-15d3-11ea-9453-005056bc4d74>

Auk þess má finna allar umsagnir sem bårust í einu skjali á heimsíðu nefndarinnar [www.stjornarradid.is/midhalendid](http://www.stjornarradid.is/midhalendid) - Þar má einnig finna lokaskýrslu nefndarinnar.